

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. 45 21. marz

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

S A M Þ Y K K T

46

um breytingu á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu,
nr. 80 1. júní 1942.

25. marz

1. gr.

2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar orðist svo:

1. Stóra-Ásvegur: Frá þjóðveginum hjá Úlfstöðum að Stóra-Ási.
2. Barnafosbrúarvegur: Frá þjóðveginum að Barnafossi.
3. Reykjadalársvegur: Frá þjóðveginum utanvert við Hamra að þjóðveginum hjá Deildartungu.
4. Syðri-Reykðælavegur: Frá þjóðveginum í Snældubeinsstaðanesi austur Reykholtssdal að Steindórsstöðum.
5. Flókadalssvegur: Frá þjóðveginum hjá Steðja um Skóga og Hæl yfir Geirsá.
6. Klettsvegur: Frá Reykjadalársvegi um Deildartungu að Kletti.
7. Þingnesvegur: Frá þjóðveginum við Þórdísarholt að Árbakka.
8. Bæjarvegur: Frá þjóðveginum við Þórdísarholt norður fyrir Laugarholt.
9. Kvígsstaðavegur: Frá þjóðveginum við Skjólhól um Heggstaði og Vatnshamra á þjóðveginn hjá Ausu.
10. Skálpastaðavegur: Frá þjóðveginum hjá Fosstúni að Arnþórsholti.
11. Oddsstaðavegur: Frá þjóðveginum hjá Brautartungu um Oddstaði og Gullberastaði að Lundi.
12. Skorradalsvegur: Frá Háafelli um brú á Fitjaá um Bakkakot að Vatnshorni.
13. Mófellsstaðavegur: Frá þjóðveginum vestan Neðri-Hrepps á þjóðveginn við Skorradalsvatnsós.
14. Svinadalsvegur: Frá þjóðveginum við Hól á þjóðveginn hjá Geitbergi.
15. Reynisvegur: Frá þjóðveginum hjá Heynesi að Reyni.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.